

Aðalheiður Guðmundsdóttir

Barnshugur við bók – um uppeldishugmyndir Jóns Ólafssonar

Í riti sínu *Hagþenkir* ber Jón Ólafsson (1705–1779) á borð hugmyndir um úrbætur varðandi uppfræðslu og uppeldi barna. Ritið er ekki einungis stórfróðleg og merkileg samtímaheimild um stöðu menntunar á Íslandi, áherslur í fræðastörfum og lærðar bókmenntir á 18. öld, heldur veitir það einnig skemmtilega og oft á tíðum ljóslifandi innsýn í íslenskan veruleika þess tíma. Sjónarhornin eru mörg; eina stundina erum við stödd inni í torfbæ og getum séð fyrir okkur strákhnokka sitja við borð og hengja höfuðið yfir bókargarmi. Svo virðist sem drengurinn eigi erfitt með að festa hug sinn við bókina, og í dagdraumum sínum hleypur hann um úti á túni og glettist við hvolp. Annars staðar situr einbeittur og kappsamur lærisveinn við púlt og dregur blek ofan í ógreinilega forskrift sem uppfræðandi hans hefur haft fyrir að móta á pappír – og hvort hann notaði til þess messingspenna eða tréspýtu, kopar- eða stálstíl gildir einu, því að öll þessi ritföng voru notuð við skriftarkennslu, samkvæmt því sem getið er í *Hagþenki*. Reyndar getum við séð fyrir okkur drengi á öllum aldri; þrúða jafnt sem ódæla, misjafnlega bókhneigða og mislangt komna í skólagöngu sinni. En alltaf drengi, þ.e.a.s., sveina og pílta.

Það skal engan undra þótt lesendur *Hagþenkis* velti því fyrir sér hvort verið geti að uppeldishugmyndir Jóns Ólafssonar eigi fyrst og fremst erindi til foreldra drengja – enda kemur í ljós, ef vel er að gáð, að hvergi er minnst á stúlkur, þótt stundum sé reyndar talað um börn eða ungdóm. Hér ber að vísu að athuga tvennt, í fyrsta lagi þá klassísku fyrirmynd sem liggur að baki uppbyggingu ritsins, og felst í því að rakinn er ferill lærdómsmanns, allt frá grunnnámi og til æðri menntunar. Okkur er þannig gert að fylgjast með námsframvindunni, allt frá því er smásveinn stígur fyrstu skrefin við upphaf menntavegarins, og til þess er lærdómsmaður lýkur göngunni og sest í embættisstól eða festir sig í sessi með öðrum hætti. Í öðru lagi persónugerir Jón Hagþenki sjálfan sem son sinn, en hvort tveggja leiðir óumflýjanlega til þess að í umræddu riti verður honum tíðrætt um sveina, en ekki stúlkur. En miðast þá *Hagþenkir* við drengi eina saman? Svo sem fram kemur í umfjöllun minni hér á eftir er óþarfi að gera ráð fyrir að svo sé, jafnvel þótt menntun stúlkna hafi ekki verið eins algeng

og menntun drengja, sem reyndar þótti ekki sjálfsgöð heldur. Til að byrja með, þá talar hann víða um börn, eins og fyrr var getið, sérstaklega í fyrstu köflunum, sem miðast við hina yngri nemendur, og er okkur væntanlega óhætt að gera ráð fyrir stúlkum þar á meðal. En auk þess er vert að benda á að varðveist hefur sagnabók sem sami höfundur, Jón Ólafsson, skrifaði í þeim tilgangi að mennta stúlkum, frænku sína Ragnheiði – og segja má að sú bók beri vott um að metnaður hefur verið lagður í grunnmenntun stúlkna, jafnt sem drengja.

Bók þessi, sem nú ber safnmarkið Kall 613 4to í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn (Kálund 1900:383–384) er, að því er best verður séð, elst varðveittra sagnabóka, sem hér á landi voru skrifaðar sérstaklega fyrir börn.¹ Um bókina fjalla ég lítilsháttar í nýlegri útgáfu minni á *Úlfhams sögu* (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001:liv–lxiii og cxxv–cxxxvi), auk þess sem ég kynnti Góðvinum Grunnavíkur-Jóns efni hennar í erindi fyrir nokkrum árum. Þar sagði ég m.a. frá því hvernig Jón tók að sér uppfræðslu frænku sinnar, Ragnheiðar, dóttur Einars Nikulássonar á Söndum við Miðfjörð, undir lok Íslandsdvalar sinnar, veturinn 1750–51.³ Ragnheiður mun hafa verið 8–9 ára um það leyti. Síðar giftist hún Halldóri Vídalín klausturhaldara á Reynistað, en er líklega einna þekktust fyrir það nú á dögum að vera móðir „Reynistaðabræðra“ – Bjarna og Einars, sem urðu úti á Kjalvegi, svo sem sagt er frá í árbókum og þjóðsögnum (sbr. Maurer 1860:62–64 og Jón Árnason 1961:I 221–223. Ennfr.: Páll Eggert Ólason 1948–49:I 376–377).⁴ Bók sú sem Jón mun hafa notað við uppfræðslu Ragnheiðar – og sett saman í þeim tilgangi – ber ekki einungis með sér að vera kennslukver í lestri og skrift, heldur virðist sem efni hennar hafi sérstaklega verið valið með Ragnheiði í huga, og nákvæm athugun á einni sagnanna, *Úlfhams sögu*, gaf til kynna að Jón hefði endurskoðað efnið og

¹ Áður hafði sr. Vigfús Jónsson samið ljóðabók handa dóttur sinni 1739, en systursonur hans, Jón Eiríksson, konferensráð, gaf bókina út í Kaupmannahöfn árið 1780. Sjá: Silja Aðalsteinsdóttir 1981:39.

² Einar Nikulásson var bóndi á Söndum, sonur Nikuláasar Einarssonar sýslumanns á Reynistað, en frændi Jóns Ólafssonar úr Grunnavík.

³ Jón dvaldi á Íslandi á árunum 1743–1751 (sbr. Jón Helgason 1926:231–248).

⁴ Samkvæmt manntalinu frá 1801 er Ragnheiður 59 ára og mun þ.a.l. fædd um 1742 (*Manntal á Íslandi 1801* 1980:96). Samkvæmt *Íslenzkum æviskrám* er hún hins vegar fædd 1734 og gift Halldóri Vídalín 1759 (Páll Eggert Ólason 1948–49:I 376, II 274). Um dánarár Ragnheiðar, sjá: Hannes Pétursson 1990:180. Það má teljast líklegra að Ragnheiður sé fædd 1742 en 1734. Faðir hennar, Einar Nikulásson, var mikilvirtur bóndi og er mun sennilegra að hann hafi falið Jóni Ólafssyni að kenna 8–9 gamallri dóttur sinni lestur og skrift tiltekinn vetur, en 16–17 ára heimasætu, kominni að giftingaraldri.

unnið þannig úr því að það hentaði enn betur til uppfræðslu og eftirbreytni en aðrar varðveittar gerðir sömu sögu. Í því sambandi má nefna breytingar sem benda til þess að Jón hafi stefnt markvisst að því að auka við hreysti karlhetja umræddrar sögu, en draga að sama skapi úr hlut kvenhetjanna og að mörgu leyti færa þær niður á lægra plan. Í framhaldi af þessu taldi ég ekki ólíklegt að Jón hefði sniðið breytingar sínar að æskilegu hugarfari og viðhorfum stúlkubarns og að þær endurspegluðu þar með raunverulegt hlutverk og takmörk kvenna á 18. öld. Að lokum taldi ég að fróðlegt gæti verið að athuga sagnasafnið í heild sinni og þá sér í lagi hvort áþekkt vinnubrögð einkenni fleiri sögur og – ekki síður – hvort lesefnið fullnægi þeim kröfum sem Jón sjálfur gerir til lestrarefnis ungmenna, samkvæmt því sem fram kemur í riti hans *Hagþenki* (sbr. Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001: lxi–lxiii og cxxv–cxxvi og Jón Ólafsson 1996:14).

Þetta erindi mitt er hugsað sem skref fram á við í slíkri athugun. Vert er að benda á að nálgun mín byggir ekki á kenningum um uppeldisfræði – og ekki heldur á kenningum annarra um uppeldi og skólagöngu barna fyrr á öldum. Ég kem hins vegar til með að nálgast efnið sem útgefandi og vinn þ.a.l. fyrst og fremst með textana sjálfa. Og ég spyr? Hvernig samræmist sagnasafn Jóns hugmyndum hans sjálfs? – eða: hvernig má heimfæra hugmyndir hans upp á safnið? Í þessum tilgangi mun ég nú skoða fyrsta hluta *Hagþenkis*, en eins og kunnugt er skipti Jón riti sínu í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn nær yfir 6 fyrstu kaflana, sem snúast um „ungdómsins lærdóm“, eða m.ö.o. grunnnám og hvers ber að gæta varðandi fyrstu skrefin í kennslu og uppeldi barna.

Samkvæmt 1. kafla *Hagþenkis* þykir hæfilegt að hefja lestrarkennslu þegar börn eru 6–7 ára gömul. Ekki dugar að kenna börnunum að lesa færri en þrjár leturgerðir, enda þurfa þau að vera læs á sem flest lesefni, hvort heldur bækur eða bréf. Um það segir: „Settletur eður prent er til þessa tekið, og það réttilega. Eftir það bundið letur og fljótaskrift“ (Jón Ólafsson 1996:13). Á handriti Jóns, sem áður gat, eru einmitt þrjár mismunandi skriftartegundir; fyrsta saga bókarinnar, *Sigurðar saga þögla*, er skrifuð með settaskrift, líkt og lengi var notuð við uppskrift miðaldahandrita, en aðrar sögur með léttiskrift. *Sagan af Laurin dvergakóngi* er skrifuð með húanískri léttiskrift, en aðrar sögur með hefðbundnari, nýgotneskri léttiskrift, þ.e.a.s. fljótaskrift, þeirri skrift sem Jóni sjálfum var eiginlegt að nota. Þar sem fljótaskrift er við höfð eru kaflafyrirsagnir, upphöf kafla, auk mannanafna og kvæða, rituð með brotaskrift, eins og alsíða var. – Og þar sem brotaskriftin er notuð, fynrir Jón bæði stafagerð og orðmyndir. Hann gerir sér far um að líkja eftir

gotneskri settaskrift og er textinn að nokkru leyti bundinn að hætti gamalla bóka. Ekki verður betur séð en að sagnasafnið uppfylli kröfur Jóns er lúta að kennslu í lestri. Skriftarkennslan tekur svo við af lestrarkennslunni og telur Jón vænlegast að byrja á að kenna barninu settletur, en síðan fljótaskrift og eftir það, „hverja aðra vandaðri, hvað af hverju“ (Jón Ólafsson 1996:16). Þessar hugmyndir samræmast einnig sagnakverinu, því eins og fyrr segir hefst handritið á settaskrift, en fljótaskriftin fylgir þar á eftir, á meðan húmanísk léttiskrift rekur lestina.⁵

Jón segist hafa það eftir Erasmusi frá Rotterdam, til hvers hann vísar gjarnan, að við skriftarkennslu geti verið vænlegt að kennari leggi hönd sína á hönd lærlingsins og stýri henni svo (Jón Ólafsson 1996:16). Ekki telur hann rétt að hefja kennslu í réttritun að svo stöddu – nemandi þurfi fyrst að komast til skilningsára. Og hvað segir sagnabókin um þetta? Í henni er að finna nokkrar línur með annarri rithönd en Jóns (sbr. Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001:lx). Hugsanlega eru þær skrifaðar af nemanda hans, Ragnheiði, þó að vísu verði ekkert um það fullyrt. Umræddar línur einkennast af nokkuð viðvaningslegra ritlagi og stafsetningarafbrigðum sem skera sig frá stafsetningu Jóns. Má af því draga þá ályktun að sá sem ritaði þær hafi e.t.v. ekki verið fullnuma í stafsetningu. Þótt ekki sé ólíklegt að handritið sýni með þessum hætti framvindu skriftarnáms Ragnheiðar, útiloka umrædd frávík í stafsetningu hins vegar þá kennsluáferð sem um var rætt – að Jón hafi lagt hönd sína á hönd Ragnheiðar og stýrt henni – því að þá er eins víst að hann hefði stýrt stafsetningunni líka! Það má því gera ráð fyrir að Ragnheiður – eða sá sem skrifaði umræddar línur – hafi þegar verið orðin nægilega vel skrifandi til að þurfa ekki slíkrar hjálpar við. Hins vegar kemur klausan heim og saman við þá kenningu Jóns að skriftarkennslan skuli hefjast fyrr en réttritunin. Nefnir hann sérstaklega að með réttritun skuli börnum kennt „hvar hvern bókstaf eigi réttilega að setja, svo sem y, og aðra“ (Jón Ólafsson 1996:16) – og þarf þá ekki að koma á óvart að frávík í stafsetningu umræddrar klausu fela einmitt í sér rugling á i og y, ásamt öðru (sbr. Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001:lx).

Samkvæmt því sem segir í 5. kafla *Hagþenkis* ættu 10–11 ára gömul börn að hafa lokið námi sínu í lestri og skrift. Jón telur það vera hið stærsta gagn og gaman að kunna að lesa, því að með því geti maður lesið sér allra handa fróðleik. Auk þess nefnir hann hvílíkt gagn sé að því að geta sjálfur

⁵ Um viðkomandi skriftartegundir, sjá: Björn K. Þórólfsson 1950:130–147, og Guðvarður Már Gunnlaugsson 2002.

lesið sendibréf annarra til sín, „helst þau er innihalda nokkur leyndarmál“ (Jón Ólafsson 1996:17). Ekki sé heldur ónýtt, falli manni tíðin löng, að geta án ómaks og kostnaðar skemmt sér að sögum og hvers kyns öðru í bókum, sem maður hefur lyst til. Ekki er ólíklegt að Jón hafi viðað að sér sögum í sagnakver Ragnheiðar einmitt í þessum tilgangi – og þá eflaust bæði með það í huga að stytta henni stundirnar og gera námið skemmtilegra. Kverið hefur að geyma gott úrval fjölbreyttra sagna: fornaldarsögur, riddarasögur og svonefndar almúga- eða alþýðusögur, samtals tólf texta. Þeir eru sem hér segir:

Sagan af Sigurði hinum þögla
Ævintýr af einum kaupmanni
Historía af þeim lukkulega hirði
Sagan af Sálus og Níkanór
Sagan af Flóres konungi og sonum hans
Sagan spekingsins Dámusta í Grikklandi
Sagan af greifa Bertram af Rósilien...
Sagan af SLYSA-Hróa
Sagan af Gjafa-Ref
Saga af Úlfham
Sagan af Samsoni fagra
Laurins kónigs króníka

Allar eru sögurnar vel fallnar til afþreyingar og upplesturs. Á hinn bóginn ber að nefna að nokkru framar í *Hagþenki* telur Jón það mjög mikilvægt að vanda valið á þeim bókum sem börnum væru fengnar til aflestrar, og telur hann vænlegast að byrja á bænum og kristnum fræðum, eftir það skyldu þau lesa Biblíuna og lögbókina, en þar á eftir sögubækur. Lestrarkennslan átti sem sagt frá upphafi að miðast við kristileg rit og gagnleg, svo sem heittrúarstefnan kvað á um, en síðar mátti börnunum lærast að lesa sér til yndisauka (sbr. inngang Þórunnar Sigurðardóttur í Jón Ólafsson 1996:xi–xiii). Það eru þó langt í frá allar sögur sem þótt hafa hentugar til þess og mælt er með að börn lesi. Um þetta segir Jón: „Kerlingasögur, ævintýr, tröllasögur og skröksögur er of mikill óþarfi, nema sérleg ævintýr og fabúlæ, sem Esópí, að brúka á eldra aldri til skemmtunar, og í kompaníi, en sögð mórálísk meining, sem undir býr“ (Jón Ólafsson 1996:14).

Sagnasafn Jóns samræmist þessari forgangsroð að því leyti að það mun vera skrifað fyrir 8–9 ára barn, sem eflaust hefur þegar náð að stauta sig

fram úr kristinfræðinni og þótt hafa nægan þroska til sögubóka. Það er m.ö.o. varla ætlað algjörum byrjanda. Sögurnar eru að vísu misjafnar – og eflaust myndi einhver skilgreina þær sumar hverjar sem ævintýr og skröksögur. Vel má vera að Jón hafi gert Ragnheiði grein fyrir „móralskri meiningu“ þeirra jafnóðum eftir lesturinn, en dæmi um skriflegar athugasemdir í þá veru er þó einungis að finna við síðustu söguna, eða söguna um Laurin dvergakóng, sem Jón þýddi úr dönsku. Athugasemdum sínum bætir hann aftan við formála hennar og leggur þar m.a. áherslu á að líta beri á söguna sem historíu; hún sé ekki sönn. Síðan segir hann: „En að virða þetta á besta veg, þá er meining þessa ævintýris að leiða fyrir sjónir hvað listir og kúnstir megni móti afli og atgjörvi, og að svik fái um síðir altíð vonda endalykt. Etc.“ (Kall 613 4to:kver nr. 18). Þetta getum við vissulega skilgreint sem „móralska meiningu“, sbr. hér að framan, en þótt erfiðara sé að fullyrða nokkuð um aðrar sögur kversins, má nefna að hluti þeirra tilheyrir þeim sagnaflokki sem nefndur hefur verið almúga- eða alþýðusögur. Eitt helsta einkenni slíkra sagna er einmitt boðskapur um kærleika í garð náungans og betri hegðan. Jafnan fela sögur þessar í sér átök milli heiðvirðra manna og svikulla, og að sjálfsgöðu sigra hinir hjartagöðu syndarana, sem fá makleg málagjöld. Slíkar sögur eru því oftast nær vel til uppfærðslu fallnar, auk þess að vera skemmtilegar. Líkt og ævintýri fela þær í sér boðskap um rétta breytni, en ólíkt ævintýrum eru þær oftast nær jarðbundnar og þar með lausar við töfra og yfirnáttúrulegan hugmyndaheim (sjá t.d. Seelow 1989). Sögurnar falla því vel að uppeldishugmyndum Jóns, enda segir hann að það sé „yfrið gagnvænt að tala oftlega fyrir sveininum um dygðir og löstu (móralia)“ (Jón Ólafsson 1996:19).

En hvað þá með aðrar sögur kversins, fornaldar- og riddarasögur? Hvað sem annars má segja um riddarasögurnar, þá má í það minnsta læra af þeim kurteisi og góða hegðun. Slíkt fellur að sjálfsgöðu vel að hugmyndum Jóns um uppeldi, enda telur hann að lærlingnum fyrrnefnda beri að kenna hæversku og siðsemi. Honum sé nauðsynlegt að kunna siðsaman limaburð, enda kunni hann þá að veita meiriháttar mönnum lotningu. Í öllu falli skuli venja hann af rustaskap og búralátum. – Og hvað hentar þá betur sem fordæmi en sögur af hugprúðum riddurum og hæverskum meyjum? En þótt Jón telji það mikils vert að kenna sveininum góða háttu, telur hann honum það engu að síður þarft að vita hvernig svara skuli skætingi gárunga og skammaryrðum illhreysinga, enda skuli „varast að gera hann of mikið bljúgan, ístöðulítinn og mannfælinn“ (Jón Ólafsson 1996:19). Um slíkar fyrirmyndir gæti verið gott að leita til fornaldarsagnanna, þar sem

hraustir kappar lenda í orðaskaki við víkinga og þrjóta, og sýna þá dug og djörfung þegar mikið liggur við. Við getum því engan veginn gert ráð fyrir að sögur þessar falli endilega undir skilgreininguna „of mikill óþarfi“, sbr. hér að framan, þar sem augljóst er að sitthvað má læra af þeim öllum. Ekki verður betur séð en að sagnasafn Jóns falli vel að þeim uppeldis- og menntunarhugmyndum sem hann setur fram í *Hagþenki*.⁶

Við fyrstu sýn mætti ætla að umrædd rit, *Hagþenkir* og Kall 613 4to, væru skrifuð á talsvert ólíkum forsendum, því að eins og fyrr segir virðist sem hugmyndir Jóns í *Hagþenki* taki einkum mið af uppfræðslu sveina og pilta, á meðan sagnasafn hans er án alls efa skrifað með stúlku í huga. Þegar betur er að gáð er staðreyndin þó önnur, því að þegar öllu er á botninn hvolft er ljóst að bæði ritin byggja á sömu hugmyndafræði. E.t.v. mætti segja að *Hagþenkir* miðist meira við drengi og sagnakverið meira við stúlkur, en í grunninn er ritunum báðum fyrst og fremst ætlað að stuðla að uppfræðslu barna, stúlkna og drengja, sem alast upp við sömu gildi, hlið við hlið. Með þessu er ég ekki að segja að áherslur í uppeldi stúlkna og drengja hafi verið hinar sömu, einungis að ákveðinn grunnur í uppeldi og menntun barna hljóti alltaf að vera, og hafa verið, sameiginlegur. Sá sameiginlegi grunnur sem *Hagþenkir* og sagnabók Jóns takast á við lýtur að lestrar- og skriftarkennslu og viðeigandi lesefni sem ungmennin geta lært af og tekið sér til fyrirmyndar. Sögurnar verða með þessu móti tæki í höndum uppalenda, sem sífellt leita aðferða við að festa barnshuga við bók. Þær fela í sér skemmtun og fróðleik – og eins og allir sem fást við uppeldi vita er þessi hæfilega blanda skemmtunar og fróðleiks enn þann dag í dag hvað vænlegust til árangurs.

Mig langar að lokum til að taka undir með Jóni, sem segir svo í niðurlagi þýðingar sinnar á áðurnefndri sögu um Laurin dvergakóng:

Vil ég svo í þetta sinn láta hér við staðar nema, og enda mína ræðu
með ósk þeirri, að Guð veiti oss öllum náð sína, að lifa svo hér í heimi, að
vér mættum síðan hver með öðrum Guðs náð hreppa
og henni aldrei um eilífð sleppa.
Honum sé dýrð og heiður framen,
hér til segjum vér allir Amen!
Þessi frásögn þannig lendir
þrotin öll, svo nú er endir.

⁶ Rétt er að áréttta að hér hefur einungis verið fjallað um fyrsta hluta *Hagþenkis*, þann hluta sem fjallar um grunnmenntun.

Heimildir:

- Aðalheiður Guðmundsdóttir, útg. 2001. *Úlfhams saga*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík.
- Björn K. Þórólfsson. 1950. „Nokkur orð um íslenzkt skrifletur“. *Árbók 1948–1949*. Landsbókasafn Íslands. Reykjavík: 116–152.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 2002. „Skrift“. *Handritin*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík: 63–71.
- Hannes Pétursson. 1990. *Frá Ketubjörgum til Klaustra*. Þættir, greinar og frásögur. Sögufélag Skagfirðinga. Sauðárkróki.
- Jón Árnason. 1961. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I–VI*. Útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík.
- Jón Helgason. 1926. *Jón Ólafsson frá Grunnavík*. Safn fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga V. Hið Íslenska fræðafjelag. Kaupmannahöfn.
- Jón Ólafsson. 1996. *Hagþenkir*. Útg. Þórunn Sigurðardóttir. Góðvinir Grunnavíkur-Jóns. Reykjavík.
- Kall 613 4to. Varðveitt í Konunglega bókasafninu, Kaupmannahöfn.
- Kälund, Kr. 1900. *Katalog over de oldnorsk-islandske håndskrifter*. Kommissionen for det Arnemagnæanske Legat. København.
- Manntal á Íslandi 1801*. Norður- og austuramt. 1980. Ættfræðifélagið. Reykjavík.
- Maurer, Dr. Konrad. 1860. *Isländische Volkssagen der Gegenwart*. Verlag der J. C. Hinricks'schen Buchhandlung. Leipzig.
- Páll Eggert Ólason. 1948–1949. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 I–II*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Seelow, Hubert. 1989. *Die Isländischen Übersetzungen der Deutschen Volksbücher*. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík.
- Silja Aðalsteinsdóttir. 1981. *Íslenskar barnabækur 1780–1979*. Mál og menning. Reykjavík.